

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 29. apríl 2016

Tilvísun: 2016040697HSP/--

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2016, þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (þskj. 1104, 676. mál á 145. löggjafarþingi).

Við vinnslu frumvarpsins óskaði velferðarráðuneytið eftir umsögn Persónuverndar um 2. gr. þess, en með ákvæðinu er ráðgert að koma á fót gagnagrunni með upplýsingum um greiðslur sjúkratryggðra vegna greiðsluþátttökukerfis heilbrigðisþjónustunnar.

Í umsögn Persónuverndar til ráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2016, kom fram að í umræddan gagnagrunn væri fyrirhugað að skrá upplýsingar um heilsuhagi manna, en slíkar upplýsingar teldust til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Því væri sérstaklega mikilvægt að vinnsla þeirra styddist við skýra lagaheimild, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Persónuvernd taldi því nauðsynlegt að fram kæmi með skýrum hætti í lagatextanum sjálfum hvaða upplýsingar yrðu skráðar í gagnagrunninn, en í frumvarpsdrögunum var þá eingöngu vísað til þess að skráðar yrðu upplýsingar um greiðslur sjúkratryggðra. Þó var ljóst að fyrirhugað var að skrá í gagnagrunninn aðrar upplýsingar, svo sem um þá tegund heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggður einstaklingur sækir og um stöðu hans með tilliti til aldurs og örorku. Lagði Persónuvernd því til að 2. gr. frumvarpsdraganna yrði breytt á þá leið að tilgreint yrði með skýrari og ítarlegri hætti hvaða upplýsingar yrðu skráðar í gagnagrunninn.

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem hér er til umsagnar, kemur nú fram að í gagnagrunninn skuli skrá upplýsingar um greiðslur sjúkratryggðs vegna heilbrigðisþjónustu, tegund heilbrigðisþjónustu og stöðu sjúkratryggðs innan kerfisins.

Eins og á stendur gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið, en lögð er áhersla á að skilgreiningin á því hvaða upplýsingar á að skrá í gagnagrunninn sé eins skýr og kostur er. Þá minnir stofnunin á mikilvægi þess að stjórnsýsluframkvæmd á grundvelli ákvæðisins samrýmist meðalhófskröfum.

F. h. Persónuverndar



Þórður Sveinsson



Helga Sigríður Þórhallsdóttir